

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Snæfellsness-
og Hnappadalssýslu, nr. 212 8. október 1965.

1. gr.

Á eftir 12. tölulið 2. greinar reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem merktist 12 A, svo hljóðandi: Heggstaðavegur, af Heydalsvegi að Heggstöðum.

2. gr.

Á eftir 52. tölulið 2. greinar reglugerðarinnar komi nýr töluliður, sem merktist 52 A, svo hljóðandi: Hrisavegur, af Grundarfjarðarvegi að Efri-Hrisum.

Samþykkt þessi, sem sýsluveganefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

24. janúar 1972.

Nr. 11.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. janúar 1972 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. janúar 1972.

Nr. 12.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af Suðureyri
við Súgandafjörð.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. janúar 1972 staðfest skipulagsuppdrátt af Suðureyri við Súgandafjörð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.